

**Sp.**

**726. Tillaga**

til þingsályktunar um rétt alþingismanna til að athuga fylgiskjöl með reikningum ríkisins.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar, að hver alþingismaður eigi, meðan á þingtímanum stendur, fullan rétt til sjálfur að athuga fylgiskjöl með greiðslum úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Alþingismenn hafa haft þennan sjálfsagða rétt um langan aldur, en núverandi dómsmálaráðherra hefir neitað, að athugaður yrði nánar á þennan hátt kostnaðurinn við ríkislögregluna á þessu ári. Virðist lýðræðið verða heldur lítið, ef alþingismenn eru sviptir þessum rétti til að gagnrýna gerðir stjórnarinnar, með athugun fylgiskjala með greiðslum, sem hún hefir jafnvel án nokkurrar lagaheimildar innt af hendi og sætir mikilli mótstöðu i landinu.